

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2003/EES/33/01		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að leggja til viðeigandi ráðstafanir	1
2003/EES/33/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól - Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að leggja til viðeigandi ráðstafanir	2
2003/EES/33/03		Tilkynning frá Noregi varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	3
2003/EES/33/04		Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2003/EES/33/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3159 - Rheinmetall/STN Atlas)	5
2003/EES/33/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfyllingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3203 - Total/Samsung Chemicals/JV)	6

2003/EES/33/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3222 – United Technologies/Chubb)	7
2003/EES/33/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3198 – VW-Audi/VW-Audi Vertriebszentren)	8
2003/EES/33/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3209 – WPP/Cordiant)	9
2003/EES/33/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3212 – GDF/Italcogim/JV)	10
2003/EES/33/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3146 – Smith & Nephew/Centerpulse)	11
2003/EES/33/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3160 – CVC Funds/Viterra)	11
2003/EES/33/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3174 – Scottish & Newcastle/Parfil)	12
2003/EES/33/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3183 – Holtzbrinck NetworXs/Weltbild/ T-Online Venture/Bertelsmann OnLine)	12
2003/EES/33/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3185 – Victor Rijssen/Kon. Volker Wessels Stevin)	13

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 1. gr. I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2003/EES/33/01

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að leggja til viðeigandi ráðstafanir

Ákvörðun samþykkt hinn:	4. desember 2002
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	SAM 070.019
Fyrirsögn:	Tillögur til norskra stjórnvalda um viðeigandi ráðstafanir í tengslum við ríkisaðstoð í mynd ábyrgða samkvæmt lögum um ríkisfyrirtæki („ <i>Lov om statsforetak</i> “)
Lagaheimild:	Lög um ríkisfyrirtæki (norsk lög nr. 71 frá 30. ágúst 1991 um ríkisfyrirtæki; „ <i>Lov om statsforetak</i> “)
Tegund aðstoðar:	Ríkisábyrgð
Ákvörðun:	<p>Þær viðeigandi ráðstafanir, sem Eftirlitsstofnun EFTA lagði til og norsk stjórnvöld hafa samþykkt, eru sem hér segir:</p> <p>a) Norsk stjórnvöld skulu gera þær ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu og af öðru tagi sem eru nauðsynlegar til að nema úr gildi aðstoð sem leiðir af ákvæðum 4., 51. og 53. gr. laga um ríkisfyrirtæki. Aðstoðin skal numin úr gildi eigi síðar en 1. janúar 2003 nema að stofnunin fallist á síðari dagsetningu, telji hún það nauðsynlegt og réttlæt看legt af hlutlægum ástæðum.</p> <p>b) Norska ríkisstjórnin skal senda stofnuninni þær viðeigandi ráðstafanir sem gerðar verða til að nema úr gildi aðstoðina, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en sex vikum frá móttöku þessarar ákvarðanar.</p>
Aðrar upplýsingar:	Fullgiltan texta ákvörðunarinnar er að finna á eftirfarandi slóð (trúnaðarupplýsingar hafa verið fjarlægðar): http://www.eftasurv.int

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og
1. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun
og dómstól**

2003/EES/33/02

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að leggja til viðeigandi ráðstafanir

Ákvörðun samþykkt hinn:	9. apríl 2003
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	SAM 070.019
Fyrirsögn:	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 9. apríl 2003 um breytingu á ákvörðun stofnunarinnar frá 4. desember 2002 um tillögur til norskra stjórnvalda um viðeigandi ráðstafanir í tengslum við ríkisaðstoð í mynd ábyrgða samkvæmt lögum um ríkisfyrirtæki („ <i>Lov om statsforetak</i> “)
Lagaheimild:	Lög um ríkisfyrirtæki (norsk lög nr. 71 frá 30. ágúst 1991 um ríkisfyrirtæki; „ <i>Lov om statsforetak</i> “) með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun norska þingsins frá 16. desember 2002 („ <i>Odelstingsbeslutning nr. 43 (2002-03)</i> “)
Tegund aðstoðar:	Ríkisábyrgð
Ákvörðun:	Þær viðeigandi ráðstafanir, sem Eftirlitsstofnun EFTA lagði til og norsk stjórnvöld hafa samþykkt, eru sem hér segir: <ul style="list-style-type: none"> a) Norsk stjórnvöld skulu tafarlaust gera hverjar þær ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu og af öðru tagi sem eru nauðsynlegar til að nema úr gildi aðstoð sem samræmist ekki ákvæðum ofangreindra samninga og leiðir af ákvæðum 4., 51. og 53. gr. laga um ríkisfyrirtæki. Aðstoðin skal numin úr gildi eigi síðar en 1. janúar 2003 með þeirri undantekningu að heimilt er að láta ákvæðin gilda áfram um fjárskuldbindingar ríkisfyrirtækja sem tengjast ekki ákveðnum lánnum og komu til fyrir 1. janúar 2003. Að því er síðarnefnda atriðið varðar skal ríkisábyrgðin, sem leiðir af ákvæðum 4., 51. og 53. gr. laga um ríkisfyrirtæki, afnumin um leið og nauðsynlegri lagasetningu um afnám ábyrgðarinnar er lokið, þó eigi síðar en 31. júlí 2003. b) Norska ríkisstjórnin skal senda stofnuninni hverjar þær tillögur á sviði lagasetningar eða stjórnsýslu eða af öðru tagi um að nema úr gildi aðstoðina, sem um getur í a-lið 1. tölul. þessarar ákvörðunar, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 30. júní 2003.
Aðrar upplýsingar:	Fullgiltan texta ákvörðunarinnar er að finna á eftirfarandi slóð (trúnaðarupplýsingar hafa verið fjarlægðar): http://www.eftasurv.int
Norska ríkisstjórnin hefur samþykkt þessar viðeigandi ráðstafanir.	

Tilkynning frá Noregi varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB 2003/EES/33/03
frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að,
rannsaka og vinna kolvatnsefni

Auglýst eftir umsóknum um oliuvinnsluleyfi á norska landgrunninu – Úthlutun á fyrirfram ákveðnum svæðum árið 2003

Norska olíu- og orkumálaráðuneytið auglýsir hér með eftir umsóknum um oliuvinnsluleyfi á norska landgrunninu í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

Umsóknir um vinnsluleyfi skulu sendar til:

Olje- og energidepartementet
Postboks 8148 Dep.
N-0030 OSLO
NORGE

fyrir klukkan 12.00 á hádegi 1. október 2003 eða innan 90 daga frá birtingu þessarar tilkynningar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við Stjtið. ESB, þannig að miðað sé við síðari tímamörkin.

Úthlutun vinnsluleyfa í tengslum við - Úthlutun á fyrirfram ákveðnum svæðum árið 2003 - fer væntanlega fram á fjórða ársfjórðungi ársins 2003.

Frekari upplýsingar fást hjá olíu- og orkumálaráðuneytinu (Olje- og energidepartementet) í síma (47) 22 24 63 33.

Ákvarðanir norskra stjórnvalda um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum ⁽¹⁾

2003/EES/33/04

Afturköllun flugrekstrarleyfa

A-flokkur: Flugrekstrarleyfi án takmarkananna sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Nordic Aviation Resources AS	Sandefjord Lufthavn N-3239 Sandefjord	1.2.2003

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Póstfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Rørosfly v/Torw. Sandnes	Røros Lufthavn 7374 Røros	12.1.2003

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 1.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3159 - Rheinmetall/STN Atlas)**

2003/EES/33/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem þýska fyrirtækið Rheinmetall AG (Rheinmetall) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu STN Atlas Elektronik GmbH (STN Atlas), sem er nú undir sameiginlegri stjórn Rheinmetall og BAE Systems plc. í Bretlandi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rheinmetall: bifreiða-, rafeinda- og hergagnaiðnaður
 - STN Atlas: framleiðsla rafeindakerfa fyrir land- og flugher, hermikerfi
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 153, 1.7.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3159 – Rheinmetall/STN Atlas, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 219.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.12.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3203 - Total/Samsung Chemicals/JV)**

2003/EES/33/06

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækin Samsung General Chemicals Co. Ltd. („Samsung“) í Kóreu, sem tilheyrir Samsung Group, og Total Holdings UK Ltd., sem tilheyrir Total Group („Total“) í Frakklandi, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Samsung Atofina Ltd. („JV“) í Kóreu, með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Samsung: framleiðsla á grunnefnavörum úr jarðolíu og hrávörufjölliðum,
 - Total: olíuleit, -þróun, -hreinsun, markaðssetning, viðskipti, flutningar á olíu og framleiðsla grunnefnavöru og hrávörufjölliða,
 - JV: pólýólefin, grunnefnavara og stýren.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 152, 28.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3203 — Total/Samsung Chemicals/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 219.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.12.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3222 - United Technologies/Chubb)**

2003/EES/33/07

Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið United Technologies Corporation („United Technologies“) í Bandaríkjunum öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu Chubb plc („Chubb“) í Bretlandi með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - United Technologies: atvinnutæki,
 - Chubb: vörur og þjónusta í brunavörnum og öryggismálum.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 153, 1.7.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3222 — United Technologies/Chubb, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989 bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3198 – VW-Audi/VW-Audi Vertriebszentren)**

2003/EES/33/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið Volkswagen AG („Volkswagen“) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir eftirfarandi fyrirtækjum: VW Audi Vertriebszentrum Nord GmbH & Co. KG, VW Audi Vertriebszentrum GmbH + Co. KG Wedemark KG, VW Audi Vertriebszentrum Nord-West GmbH & Co. KG, VW Audi Vertriebszentrum West GmbH & Co. KG, VW Audi Vertriebszentrum Rhein-Main GmbH & Co. KG, VW Audi Vertriebszentrum Südwest/Franken GmbH & Co. KG og VW Audi Vertriebszentrum GmbH & Co. Berlin KG (þ.e. „dreifingarmiðstöðvar“) með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volkswagen: þróun, markaðssetning og framleiðsla á fólksbifreiðum, léttum vöruflutninga-bifreiðum og tengdum vara- og fylgihlutum,
 - dreifingarmiðstöðvar: dreifing á hlutum og fylgihlutum í vélknúin ökutæki.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 155, 3.7.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3198 – VW-Audi/VW-Audi Vertriebszentren, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989 bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9. 7. 1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3209 - WPP/Cordiant)**

2003/EES/33/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið WPP group plc („WPP“) í Bretlandi öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, full yfirráð yfir fyrirtækinu Cordiant Communications Group plc („Cordiant“) í Bretlandi, með samþykkt yfirtökuboðs sem tilkynnt var 19. júní 2003.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - fyrirtækið WPP: boðskiptaþjónusta á borð við auglýsingar, fjárfestingastýring innan fjölmiðlageirans og almannatengsl og opinber málefni.
 - fyrirtækið Cordiant: auglýsingar, samþætt markaðsstarfsemi og sérhæfð boðskipti.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 156, 4.7.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3209 – WPP/Cordiant, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Directorate B - Merger Task Force,
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3212 - GDF/Italcogim/JV)****2003/EES/33/10****Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. júní 2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, þar sem fyrirtækið GDF International S.A.S. („GDFI“) í Frakklandi, sem er dótturfélag Gaz de France Group („Gaz de France“) í Frakklandi, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Italcogim S.p.A. („Italcogim“) á Ítalíu, sem er nú einungis undir stjórn Fabiani-fjölskyldunnar, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Gaz de France: gasleit, -framleiðsla, -geymsla, flutningar, dreifing og sala á gasi, einkum í Frakklandi,
 - Italcogim: dreifing og sala á gasi til heimila og fyrirtækja.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾ er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum um fyrirhugaða aðgerð á framfæri.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 156, 4.7.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3212 – GDF/Italcogim/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3146 – Smith & Nephew/Centerpulse)**

2003/EES/33/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. maí 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánæg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánæg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3146. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3160 – CVC Funds/Viterra)**

2003/EES/33/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. maí 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánæg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánæg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3160. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3174 – Scottish & Newcastle/Parfil)**

2003/EES/33/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. júní 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3174. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3183 – Holtzbrinck NetworXs/Weltbild/
T-Online Venture/Bertelsmann OnLine)**

2003/EES/33/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. júní 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3183. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. COMP/M.3185 – Victor Rijssen/Kon. Volker Wessels Stevin)**

2003/EES/33/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. júní 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á hollensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CNL“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins, undir skjalanúmeri 303M3185. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09